

Rafrænt ferli byggingarmála hjá byggingarfulltrúa Vestmannaeyja.

Leiðbeiningar fyrir fagaðila.

Sótt er rafrænt um byggingarleyfi í gegnum þjónustugátt Vestmannaeyja/Mínar síður:

[Mínar síður](#)

Allar skráningar hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara eru rafrænar í þjónustugáttinni.

Athugið!

- Til að skrá sig inn á þjónustugátt þarf Íslykil eða rafræn skilríki.
- Eingöngu er hægt að skrá eignir sem til eru í fasteignaskrá Þjóðskrár.
- Eingöngu er hægt að skrá hönnuði, byggingarstjóra og iðnmeistara sem eru á skrá hjá Mannvirkjastofnun og með samþykkt gæðakerfi.
- Tölvupóstar: Mjög mikilvægt er að skrá öll netföng og símanúmer rétt
 - o Eigandi og umsækjandi fær tölvupóst þegar hönnunarstjóri, byggingarstjóri og iðnmeistarar skrá sig á verk á eign hans eða afskrá sig af verki.
 - o Byggingarstjóri fær tölvupóst þegar iðnmeistarar skrá sig á eða af verki.

Byggingarfulltrúi Vestmannaeyja veitir nánari upplýsingar og aðstoð á tölvupóstfanginu bygg@vestmannaeyjar.is. eða í síma 8965034. Minnum einnig á upplýsingar um byggingarmál á heimasíðu Vestmannaeyja:


[Byggingamál](#)

Umsókn hönnuðar um byggingarleyfi.

Skrá sig inn á þjónustugátt með íslykli/rafrænum skilríkjum. Farið er í „Umsóknir“ þriðji takki frá vinstri efst á síðunni.



Smellt á viðeigandi umsókn, hönnuður eða eigandi geta sótt um:



Umsókn fyllt út, muna að fylla í alla stjörnumerka riti*. Séu þinglýstir eigendur fleiri en einn að lóð skulu þeir skráðir með því að nota hnappinn „Bæta við umsækjanda“.

Nota skal heiti lóðar eins og það birtist á vef Þjóðskrár [Fasteignir](#).

Athugið að hér getur tekið tíma fyrir leitarvélina að finna lóð. Sýnið þolinmæði á meðan. Athugið að rétt landeignarnúmer sé valið.

Húseign/ lóð
Hér skal skrá upplýsingar um þá húseign/ lóð sem þessi umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi á við um.

Heiti og númer *

Landnúmer lóðar * Fastanúmer Póstnúmer *

Þegar umsókn er send birtist staðfestingarnúmer. Gott er að halda upp á staðfestingarnúmerið.

Hönnunarstjóri/hönnuðir – byggingarstjóri – iðnmeistarar

Ofangreindir staðfesta sig á verk með því að skrá sig inn á þjónustugátt Vestmannaeyja/Mínar síður:

[Mínar síður](#)

ATH: umsókn um byggingaráform-/leyfi þarf að vera orðin til á viðkomandi eign svo að hægt sé að staðfesta sig á verk. Þegar hönnunarstjóri/hönnuðir, byggingarstjóri og iðnmeistarar eru tilnefndir á verk fá þeir tölvupóst með tengli. Tengillinn vísar á innskráningarsíðu þjónustugátta/Mínar síður Vestmannaeyjabæjar.

Umsækjandi (eigandi) á

verkinu Nafn og kennitala eiganda birtist

, hefur tilkynnt

þig sem hönnuð, vinsamlegast staðfestið

með því að smella á [tengilinn](#) og skrá þig

inn á þjónustugátt/Mínar síður Vestmannaeyjabæjar

Þegar smelt er á tengilinn ferðu á innskráningarsíðu á þjónustugátt/Mínar síður Vestmannaeyjabæjar.

- Nauðsynlegt er að vera með íslykil eða rafræn skilríki til að skrá sig inn.
- Umsókn birtist, eftirfarandi upplýsingar detta sjálfgefnar inn:
 - o Nafn og kennitala
 - o Heimilisfang og pósthfang
 - o Símanúmer og tölvupóstur – ef það er skráð undir stillingar (sjá undir annað).
- Veldu þá eign sem við á
- Stjórnumerkta reiti verður að fylla út

Í fellivalslistanum koma eingöngu þær eignir sem viðkomandi hönnuðir, byggingarstjórar eða iðnmeistarar hafa verið skráðir á (skráðir á verk vegna).

Húseign/ lóð
Hér skal skrá upplýsingar um þá húseign/ lóð sem þessi tilkynning á við umr.

Byggingaráform/ byggingarleyfi sem skráð eru á viðkomandi húseign/ lóð *

Í glugganum hér að ofan (byggingaráform/ byggingarleyfi sem skráð eru á viðkomandi húseign/ lóð) má fletta upp öllum gildandi umsóknum sem skráðar eru á viðkomandi húseign/ lóð í þeim tilgangi að tengja þessa tilkynningu við rétta umsókn.

Heiti og númer * Landnúmer lóðar * Matshluti

Ábyrgðarsvið

Þegar umsókn er send birtist staðfestingarnúmer. Gott er að halda upp á staðfestingarnúmerið.

Sýn á málin/verkin sem viðkomandi eru skráðir fyrir birtast í þjónustugátt/Mínar síður Vestmannaeyjabæjar.

- Í sjónarhorningu Málin mín sjá hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar á hvaða mál/verk þeir eru skráðir á. Sjá mynd 1.
- Ef smeltt er á málsnúmer má skoða fylgiskjöl og fleiri upplýsingar um mál. Sjá mynd 2.

Mynd 1

Vestmannaeyjabær


mentor Málin mín Umsóknir Gjöld Skilaboð Kosningar Annað

 Verkin mín
Hér birtast verk sem eru skráð á þig í skjalakerfi sveitarfélagsins

| Mál nr. | Hlutverk | Fasteign | Eigandi | Verk skráð dags |
|-----------|-----------------|------------|----------------------|-----------------|
| 202202070 | Húsasmiðam. | Ásavegur 2 | <input type="text"/> | 23.02.2022 |
| 202202070 | Byggingarstjóri | Ásavegur 2 | <input type="text"/> | 17.02.2022 |
| 202202070 | Hönnunarstjóri | Ásavegur 2 | <input type="text"/> | 17.02.2022 |

Mynd 2


Smelt er á málsnúmer til að skoða fylgiskjöl og fleiri upplýsingar um mál.




Málin mín

Hér birtast þín mál sem eru skráð í vinnslu í skjalakerfi sveitarfélagsins. Ef um er að ræða eldri mál er óvist að þú sjáir söguna og fylgiskjölin.


| Mál nr. | Heiti máls | Samband við ábyrgðaraðila | Staða máls |
|-----------|---|---------------------------|------------|
| 202202070 | Ásavegur 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi | Sigurður Smári Benónýsson | Móttekið |




Upplýsingar um mál

 Stofnupplýsingar


| | |
|---------------|---|
| Málsnúmer: | 202202070 |
| Málsheiti: | Ásavegur 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi |
| Málsaðili: | <input type="text"/> |
| Staða: | Móttekið |
| Starfsmaður: | Sigurður Smári Benónýsson |
| Stofnað dags: | 17.02.2022 |

 Teikningar

| Tegund | Tegund - nánar | Staða | Skráningaraðili | Móttekið |
|--------------------------------|----------------|------------------------------------|----------------------|------------|
| Aðaluppdrættir | | Teikningar byggingaráform samþykkt | <input type="text"/> | 17.02.2022 |

 Tengdir aðilar

| Efni | Staða | Móttekið |
|--|------------|------------|
| <input type="text"/> - Húsasmíðam | Staðfestur | 17.02.2022 |
| <input type="text"/> - Byggingarstjóri | Staðfestur | 17.02.2022 |
| <input type="text"/> - Hönnunarstjóri | Staðfestur | 17.02.2022 |

 Fylgiskjöl.

| Efni | Skráningaraðili | Móttekið |
|--|----------------------|------------|
| Hönnuður - tilkynnir samþykki sitt fyrir ráðningu á verk | <input type="text"/> | 17.02.2022 |
| Iónmeistari - tilkynnir samþykki sitt fyrir ráðningu á verk | | 23.02.2022 |
| Byggingarstjóri - einstaklingur staðfestir sig og tilnefnir Iónmeistara á verk | | 17.02.2022 |
| Umsækjandi (eigandi - einstaklingur/ fyrirtæki) - umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi | | 17.02.2022 |